

Fundargerð

9. fundur stjórnar Fiskeldissjóðs 1. september 2021, kl. 14:00

Fundarstaður: Í húsnæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Fundarmenn: Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson, Hallveig Ólafsdóttir.

Fundartími: 14:00-16:00

Dagskrá

Frásögn af fundi

1. Reglugerð og úthlutunarreglur voru formlega bókaðar og samþykktar til birtingar á vefsvæði sjóðsins á fundinum. Þær höfðu áður verið samþykktar í gegnum tölvupóstsamskiptumi stjórnar í júní.

Alls bárust sjóðnum 14 umsóknir frá 7 sveitarfélögum. Samtals var fjárhæðin sem sótt var um kr. 239 milljónir, en ráðstöfunarfé sjóðsins er 105 milljónir króna.

2. *Samræma innsend skjöl í málaskrá og Teams svæði stjórnar.*

Fundarmenn ræddu almennt um kröfur til gæða umsókna. Umsóknir úr málaskrá voru settar upp á teams- svæði stjórnar. Kjartan útbjó sameiginlegt excel skjal fyrir stjórn til að vinna úr umsóknum. Rætt var um með hvaða hætti ætti eða hvort þyrfti að óska eftir viðbótargögnum.

3. *Gæði umsókna, almennt. Meta hvaða umsóknir standast kröfur reglugerðar og úthlutunarreglna.*

Ákveðið var að Hallveig mundi fara yfir umsóknir, skoða hvort allar umsóknir standast kröfur og bera álitamál undir stjórn sjóðsins á næsta fundi. Að mati stjórnar þarf að athuga hvort tvær umsóknir uppfylla skilyrði laganna.

4. *Stjórn sjóðsins ræðir umsóknir og „excel-vinnuskjalið“.*

Ekki var farið sameiginlega yfir umsóknir en tekin ákvörðun um að stjórnarmenn skoði umsóknir hver í sínu lagi og beri saman bækur á næsta fundi. Ákveðið var að vinna inn í excel-skjalið frá Kjartani. Boðaðir voru tveir fundir í framhaldinu, 7. september kl. 14 og 10. september kl. 12.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði Hallveig Ólafsdóttir.

Niðurstaða og ákvarðanir

